

Síldarminjasafn Íslands ses.  
Ársreikningur 2021

Síldarminjasafn Íslands ses.  
Snorragata 10  
580 Siglufjörður

Kt. 661006-1530

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur.

Aðalstarfsemi félagsins er að annast og reka Sildarminjasafn Íslands ásamt því að hafa umsjón með söfnun og tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja, tengdum síldveiðum og iðnaði.

## Rekstur ársins og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 66.258 þús. kr. á árinu 2021 og hækkuðu um 3.096 þús. kr. milli ára eða um 4,9%. Hagnaður félagsins á árinu 2021 nam 4.669 þús. kr. (Hagnaður 2020: 3.088 þús. kr.).

Eigið fé félagsins í árslok 2021 var 91.331 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi (2020: 86.662 þús. kr.). Ársverk á reikningsárinu voru 4,7.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Faraldurinn hefur haft veruleg áhrif á rekstur félagsins vegna mikillar fækkunar komu erlendra ferðamanna. Umsvif á árinu 2021 voru þó umtalsvert meiri en árið áður og útlit er fyrir aukningu á árinu 2022 og telja stjórn og stjórnendur félagsins að það muni verða rekstrarhæft í fyrirsjáanlegri framtíð.

Stjórn og framkvæmdastjóri Sildarminjasafns Íslands ses. hafa í dag rætt ársreikning safnsins fyrir árið 2021 og staðfest hann með undirritun sinni.

Síglufirði, 30. júní 2022

Í stjórn safnsins:

*Guðm. Skarphedinsson*  
*Gunnar Júlíusson*  
*Ólafur Kristjinnsson*  
*S. Gunnar Hauksson*

Framkvæmdastjóri:

*Autur Jónsson*

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Síldarminjasafns Íslands ses.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Síldarminjasafns Íslands ses. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

---

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.


Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 30.6 2022

**KPMG ehf.**



# Rekstrarreikningur ársins 2021

		2021	2020
<b>Rekstrartekjur</b>			
Opinber framlög .....		9.900.000	11.100.000
Styrkir og gjafir .....		9.711.500	7.509.500
Tekjur af rekstri .....		31.846.957	12.559.060
Tekjur vegna verkefna .....		14.800.000	31.993.577
		<u>66.258.457</u>	<u>63.162.137</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3	14.079.717	17.749.210
Rekstur fasteigna .....		6.122.098	5.690.928
Verkefnakostnaður .....		32.892.335	30.399.991
Annar rekstrarkostnaður .....		8.332.145	6.098.624
		<u>61.426.295</u>	<u>59.938.753</u>
Rekstrarhagnaður.....		4.832.162	3.223.384
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		3.068	2.080
Vaxtagjöld .....		( 166.077)	( 137.593)
		<u>( 163.009)</u>	<u>( 135.513)</u>
<b>Rekstrarhagnaður ársins</b> .....	5	<u>4.669.153</u>	<u>3.087.871</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

		2021	2020
<b>Eignir</b>			
Fasteignir .....		92.030.462	92.030.462
	Fastafjármunir 4	<u>92.030.462</u>	<u>92.030.462</u>
Vörubirgðir .....		4.967.117	5.103.783
Viðskiptakröfur .....		471.700	120.660
Skammtímaskröfur .....		1.133.772	200.418
Handbært fé .....		2.883.625	46.658
	Veltufjármunir	<u>9.456.214</u>	<u>5.471.519</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>101.486.676</u>	<u>97.501.981</u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		36.569.366	36.569.366
Annað eigið fé .....		13.715.000	13.715.000
Óráðstafað eigið fé .....		41.046.570	36.377.417
	Eigið fé 5	<u>91.330.936</u>	<u>86.661.783</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		0	5.514.796
Viðskiptaskuldir .....		4.655.740	225.402
Aðrar skammtímaskuldir .....		5.500.000	5.100.000
	Skammtímaskuldir	<u>10.155.740</u>	<u>10.840.198</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>101.486.676</u>	<u>97.501.981</u>

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður ársins .....	5	4.669.153	3.087.871
Veltufé frá rekstri .....		<u>4.669.153</u>	<u>3.087.871</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum			
Birgðir, lækkun .....		136.666	202.884
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....	(	1.284.394)	127.745
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		4.830.338	( 2.214.415)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>3.682.610</u>	<u>( 1.883.786)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>8.351.763</u>	<u>1.204.085</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímalána .....		0	( 1.218.811)
Skammtímalán, breyting .....	(	5.514.796)	16.535
Fjármögnunarhreyfingar	(	<u>5.514.796)</u>	<u>( 1.202.276)</u>
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....		2.836.967	1.809
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>46.658</u>	<u>44.849</u>
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		<u><u>2.883.625</u></u>	<u><u>46.658</u></u>



# Skýringar

## 1. Félagið

Síldarminjasafn Íslands ses. („Félagið“) er íslensk sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur. Lögheimili hennar er að Snorragötu 10 á Siglufirði. Starfsemi stofnunarinnar felst í safnarekstri.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning við afhendingu vörunnar. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi.

### c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði. Engar afskriftir eru færðar.

### d. Birgðir

Birgðir af aðkeyptum vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

### e. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2021	2020
Laun .....	27.493.136	25.636.250
Launatengd gjöld .....	5.694.503	5.611.116
Endurgreiddur launakostnaður .....	( 2.672.906)	0
Laun og launatengd gjöld samtals .....	30.514.733	31.247.366
Launakostnaður færður á verkefnakostnað .....	( 16.435.016)	( 13.498.156)
Laun og launatengd vegna rekstrar .....	14.079.717	17.749.210
Fjöldi ársverka á árinu .....	4,7	3,5

Laun framkvæmdastjóra námu 4.880 þús. kr. á árinu 2021 en námu 9.132 þús. kr. árið áður. Ekki var um sérstakar greiðslur vegna stjórnarlauna að ræða.

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir
Bókfært verð 1.1.2021 .....	92.030.462
Bókfært verð 31.12.2021 .....	92.030.462

### Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat fasteigna nam í árslok 678.500 þús. kr., fasteignamat 135.410 þús. kr. og lóðarmat 25.310 þús. kr.

## Skýringar, frh.:

---

### 5. Eigið fé

Stofnfé félagsins nam 36.569 þús. kr. í árslok 2021.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Stofnfé	Annað eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020 .....	36.569.366	13.715.000	33.289.546	83.573.912
Hagnaður ársins .....			3.087.871	3.087.871
Eigið fé 31.12.2020 .....	36.569.366	13.715.000	36.377.417	86.661.783
Hagnaður ársins .....			4.669.153	4.669.153
Eigið fé 31.12.2021 .....	36.569.366	13.715.000	41.046.570	91.330.936

### 6. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar eru stjórn, stjórnendur, lykilstarfsmenn, makar þeirra og börn á þeirra framfæri.

#### Viðskipti við lykilstjórnendur

Laun stjórnenda má sjá í skýringu nr. 3. Félagið átti engin viðskipti við stjórnendur á árinu.